

Ed. 1087. Frumvarp til laga

um gjald af söluverði fisks erlendis.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Einstaklingar og félög, sem selt hafa ísvarinn fisk erlendis á árinu 1944, skulu greiða gjald í rikissjóð samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Af heildarsöluverði þess fiskafla, sem veiddur hefur verið í skip, er siglt hefur með hann sjálft til sölustaðar erlendis, skal greiða gjald, er nemi 2%.

3. gr.

Heildarsöluverð samkv. 2. gr. telst sú upphæð, sem erlendur kaupandi greiðir fyrir fiskinn án frádráttar umboðslauna eða nokkurs annars sölukostnaðar.

4. gr.

Þeir aðilar, sem gjaldskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skulu senda skattstjórum eða skattanefndum skýrslu um gjaldskylda sölu sína á árinu 1944, og skal hún fylgja framtali til skatts fyrir það ár. Um frest til afhendingar á skýrslum þessum gilda sömu ákvæði og um framtöl til tekju- og eignarskatts.

Gefi gjaldandi ekki skýrslu um sölu sína á tilskildum tíma, er skattstjórum og skattanefndum heimilt að miða upphæð gjaldsins við skýrslur þær, sem Fiskifélag Íslands fær um sölu fisks erlendis, sbr. reglugerð nr. 13 16. jan. 1934.

5. gr.

Gjald það, sem um ræðir í lögum þessum, er ekki frádráttarbært við ákvörðun skatts á tekjur.

6. gr.

Um gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu gjalds þess, sem um ræðir í lögum þessum, fer að lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 6 9. jan. 1935.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.